



Reykjavík, 18. janúar 2016

Niðurstaða athugunar á sölu Arion banka hf. á hlutabréfum í Símanum hf.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Í október 2015 seldi Arion banki hf. hlutabréf sín í Símanum hf. Í kjölfar sölnunnar hóf Fjármálaeftirlitið athugun á verklagi bankans við söluna. Athugunin fór fram á grundvelli hlutverks Fjármálaeftirlitsins skv. áðurnefndri 1. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lauk henni nú í byrjun janúar.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort framkvæmd og verklag bankans hefði samræmst lögum og reglum sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda og þá einkum ákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Vegna athugunarinnar fór fram ítarleg upplýsinga- og gagnaöflun af hálfu Fjármálaeftirlitsins í því skyni að varpa ljósi á framkvæmd bankans.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var frá bankanum var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að ljúka athuguninni með athugasemdum. Þannig gerði Fjármálaeftirlitið m.a. athugasemdir við að ekki hafi verið gætt nægjanlega að orðsporsáhættu við töku ákvörðunar um sölu á hlutabréfum til tiltekinna viðskiptavina bankans.

Athugasemdir þessar voru settar fram á grundvelli 1. mgr. 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og fólu m.a. í sér það mat Fjármálaeftirlitsins að verklag við sölu hlutabréfanna hefði ekki að öllu leyti samræmst eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum fjármálafyrirtækis, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Ljóst er að Arion banki hf. varð fyrir nokkru orðsporstjóni vegna þess verklags sem viðhaft var við söluna en í kjölfar hennar ákvað bankinn að eigin frumkvæði að taka tiltekna þætti verklagsins til endurskoðunar. Að teknu tilliti til þessa var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að ljúka mætti athuguninni með fyrrnefndum athugasemdum en ekki væri tilefni til frekari aðgerða.